

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 310/2021

frá 29. október 2021

um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/927 frá 31. maí 2021 um að ákvarða samræmdan leiðréttingarstuðul, sem liggur þvert á atvinnugreinar, til að aðlaga úthlutanir losunarheimilda án endurgjalds fyrir tímabilið 2021 til 2025 ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn í breytist því samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 21alo (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/447) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„21alp. **32021 D 0927**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/927 frá 31. maí 2021 um að ákvarða samræmdan leiðréttingarstuðul, sem liggur þvert á atvinnugreinar, til að aðlaga úthlutanir losunarheimilda án endurgjalds fyrir tímabilið 2021 til 2025 (Stjtið. ESB L 203, 9.6.2021, bls. 14).“

2. gr.

Texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2021/927, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. október 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 203, 9.6.2021, bls. 14.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. október 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Rolf Einar Fife

forseti.

ÓOPINBER ÞÝÐING